


Menntun og rannsóknir

STEFNUMÓTUN Í FERÐAÞJÓNUSTU

Framkvæmdaáætlun

Menntun og rannsóknir

Tillögur nefndar samgönguráðherra um skipulag
menntunar og rannsókna í ferðaþjónustu



amazing
I C E L A N D

Nóvember 1997

**Menntun og rannsóknir í ferðapjónustu
Framkvæmdaáætlun**

Nefnd um menntun og rannsóknir í ferðapjónustu

Samgönguráðuneytið

Hagvangur hf

Efnisyfirlit

1	MENNTUN OG RANNSÓKNIR Í FERÐAÞJÓNUSTU	3
1.1	INNGANGUR.....	3
1.2	STEFNUMÓTUN	4
1.3	MARKMIÐ	4
1.3.1	Menntun.....	4
1.3.2	Rannsóknna og þróunarstarf.....	4
1.4	AFMÖRKUN.....	4
2	SKIPULAG MENNTA OG RANNSÓKNA	5
2.1	NÚVERANDI STADA.....	5
2.2	SKIPURIT MENNTA OG RANNSÓKNA	6
2.2.1	Framhaldsskólastig	7
2.2.2	Háskólastig.....	8
2.2.3	Háskólanám í ferðamálafræðum erlendis	8
	Þýskaland.....	8
	Frakkland.....	8
	Stóra-Bretland, Bandaríkin og Kanada.....	9
	Noregur.....	9
3	MENNTUNAR- OG RANNSÓKNAÞÖRF Í FERÐAÞJÓNUSTU	10
3.1	STADAN NÚ.....	10
3.1.1	Menntun.....	10
	Flugnám, þjálfun flugliða	10
	Meirapróf - leiðsögupróf	10
	Ferðamálanám	11
	Hótel- og veitingaskóli	11
3.1.2	Rannsóknir	11
	Grunnrannsóknir.....	11
	Hagnýtar rannsóknir	11
	Þróunarstarfsemi.....	11
	Nýsköpun	11
4	FRAMTÍÐARSKIPULAG MENNTA OG RANNSÓKNA	13
4.1	FORSENDUR	13
4.1.1	Framhaldsskólastig	13
4.1.2	Háskólastig.....	13
4.1.3	Rannsóknir	14
4.2	TILLÖGUR UM SKIPULAG.....	15
4.2.1	Framhaldsskólastig.....	15
4.2.2	Hagsmunaaðilar - IATA nám	16
4.2.3	Háskólastig.....	16
	Ferðamálafræði við Háskólann á Akureyri.....	18
	Endurmenntun	18
	Samstarf við erlenda háskóla.....	18
4.2.4	Rannsóknir og þróunarstarf.....	18
5	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	20
5.1	FRAMHALDSSKÓLASTIG	20
5.2	MENNTUN Á VEGUM HAGSMUNADILA.....	20
5.3	HÁSKÓLASTIG.....	20
5.4	RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF	20
	VIÐAUKI 1 – FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	21

1 Menntun og rannsóknir í ferðaþjónustu

1.1 Inngangur

Nefnd samgönguráðuneytisins sem fjallaði um *fyrirkomulag rannsókna í ferðamálum* hélt fyrsta fund sinn 8. mars 1996 í samgönguráðuneytinu.

Í nóvember 1996 var nefndinni falið aukið umboð til að fjalla um *menntun og rannsóknir í ferðaþjónustu* í ljósi stefnumótunarvinnu samgönguráðherra sem lauk vorið 1996. Var nefndinni falið það verkefni að koma með tillögur um aðgerðir til hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem þar var mótuð. Úlfar Antonsson forstöðumaður innanlandsdeildar Úrvals Útsýnar gekk til liðs við nefndina í nóvember. Fjórir fundir voru haldnir í upphaflegu nefndinni, en alls hefur nefndin haldið 15 fundi.

Í nefndina voru skipaðir;

- Formaður Ármann Kr. Ólafsson, samgönguráðuneyti
- Hjörtur H. Jónsson, Háskólanum Akureyri
- Hörður Bender, Flugleiðum, Osló, tilnefndur af menntamálaráðherra
- Tómas Ingi Olrich, alþingismaður, tilnefndur af Ferðamálaráði
- Úlfar Antonsson, Úrval Útsýn

Kristófer Oliversson ráðgjafi hjá Hagvangi starfaði einnig með nefndinni, en Hagvangur hf. annast fyrir Halldór Blöndal samgönguráðherra vinnu við framkvæmd stefnumótunar í ferðamálum. Af hálfu samgönguráðuneytisins hafði Ármann Kr. Ólafsson aðstoðarmaður ráðherra umsjón með verkinu.

Nefndin leitaði m.a. til Þórólfs Þórlindssonar, Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Vilhjálmur Lúðvíkssonar, Rannsóknarráði Íslands

Nefndin heimsótti Háskólann á Akureyri, Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri og ræddi við forsvarsmenn. Einnig voru Menntaskólinn í Kópavogi, Hótel- og veitingaskólinn og Leiðsögumannaskóli Íslands heimsóttir.

Nefndin kynnti sér tilhögun mála í Noregi á sviði menntunar og rannsókna í ferðaþjónustu og Sigrún Sigmundsdóttir ferðamálafræðingur aflaði upplýsinga um háskólamenntun erlendis. Þá kynnti nefndin sér tillögur Fræðsluráðs ferðaþjónustunnar og tillögur Félags háskólamenntaðra ferðamálafræðinga auk annarra gagna sem unnt var að afla um málaflokkinn. Arnar Már Ólafsson ferðamálafræðingur las yfir skýrsluna í lokin og kom með margar góðar ábendingar.

Í niðurstöðunum eru tillögur gerðar um menntun á framhaldsskólastigi og námskeiðahald, menntun á háskólastigi og fyrirkomulag rannsókna í ferðaþjónustu.

1.2 Stefnumótun

Í skýrslunni Stefnumótun í ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1996) voru sett fram markmið og leiðir í menntun og rannsóknum. Markmið þessi skiptast í þrjá meginkafla:

1. Menntun á framhaldsskólastigi
2. Menntun á háskólastigi
3. Rannsóknir og þróunarstarf

Í skýrslunni var lagt til að námsframboð á framhaldsskólastigi verði aukið og aðgengi að náminu verði bætt. Jafnframt að boðið verði upp á nám á sviði ferðaþjónustu á háskólastigi. Hvað varðar rannsóknir var lagt til að komið verði upp gagnamiðstöð sem safni skipulega grunnupplýsingum um ferðaþjónustuna, að stuðlað verði að sérhæfðum rannsóknum á sviði ferðaþjónustu á háskólastigi og að núverandi rannsóknastofnanir og fræðasvið á háskólastigi verði virkjuð betur í þágu ferðaþjónustunnar. Einnig var lagt til að Ferðamálaráði verði gert kleift að verja auknu fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfs.

1.3 Markmið

Starfshópur um stefnumörkun í ferðaþjónustu - **Menntun og rannsóknir** - leggur til að eftirfarandi markmið verði höfð að leiðarljósi þegar mörkuð er stefna ríkisvaldsins í þessum málaflokki til næstu ára.

1.3.1 Menntun

Stefnt verði að því að menntun starfsfólks í ferðaþjónustu verði sambærileg við það sem best gerist í helstu samkeppnislöndum okkar. Í upphafi verði sérstök áhersla lögð á ýmskonar námskeiðahald á framhaldsskólastigi. Byggt verði upp sérhæft nám á háskólastigi fyrir væntanlega stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu. Skipulögð verði námskeið fyrir ferðaþjónustuna hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

1.3.2 Rannsókna og þróunarstarf

Rannsóknastarfsemi á sviði ferðamála verði eflað þannig að hún standi a.m.k. jafnfætis rannsóknastarfsemi á vegum annarra höfuðatvinnugreina þjóðarinnar. Nefndin leggur áherslu á að rannsóknir í ferðaþjónustu lúti samskonar skipulagi og verði fjármagnaðar með svipuðum hætti og aðrar hagnýtar rannsóknir í landinu.

1.4 Afmörkun

Starfshópurinn hefur afmarkað umfjöllun sína í fyrsta lagi við menntun á framhaldsskóla- og háskólastigi og í öðru lagi við fyrirkomulag og hlutverk rannsókna í framtíðar uppbyggingu ferðaþjónustu. Í vinnu nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á skipulag, námsframboð, fjármögnun, framkvæmd og staðsetningu.

2 Skipulag mennta og rannsókna

2.1 Núverandi staða

Þeim einstaklingum fjölgar stöðugt sem stunda nám í ferðamálafræðum eða tengdum greinum og fer sífellt fjölgandi fagnámskeiðum og skólum.

Kennsla í ferðaþjónustugreinum hófst haustið 1987 í MK með sérstakri ferðamálabraut til stúdentsprófs. Samhliða stofnun ferðabrautar hóf MK einnig almenn kvöldnámskeið í ferðafræðum og síðar var stofnaður kvöldskóli undir nafninu Ferðamálastólí Íslands í MK. Haustið 1991 var MK falinn yfirumsjón með menntun leiðsögumanna í Leiðsöguskóla Íslands, en starfssemi hans má rekja til ársins 1963. Hótel- og Veitingaskóli Íslands var stofnaður 1971. Starfssemi þess skóla fluttist í nýtt húsnæði í tengslum við MK haustið 1996.

Einkaskólar s.s. Ferðaskóli Flugleiða og Ferðamálastólí Íslands útskrifa nemendur eftir 6 mánaða nám með alþjóðlega prófgráðu (IATA) í fargjalda- og farseðlaútgáfu. Það nám er því sérstaklega sniðið að þörfum flugfélaga og ferðaskrifstofa. MK hefur frá 1996 boðið upp á svipað nám. Nemendur úr fagskólum í ferðaþjónustu á framhaldskólastigi ná að öðru jöfnu mun fyrir tókum á starfi sínu en aðrir nýir starfsmenn. Fjárfesting í námi á samkvæmt því að geta skilað umtalsverðum virðisauka til ferðaþjónustunnar. Nýlegar athuganir benda til þess að menntunarstig í ferðaþjónustu sé mjög mismunandi eftir greinum. Tafla 2.1 byggir á lauslegri könnun nefndarinnar og sýnir hve stór hluti starfsmanna í ferðaþjónustu hefur lokið námi í framhaldsskóla og háskóla eða sérskóla

	Framhaldsskóli	Háskóli/Sérskóli
Gisting/Veitingar		
Strjálbýli	50%	10%
Þéttbýli	90%	20%
Afþreying	70%	20%
Ferðaskrifstofur	90%	70%
Flugfélög	90%	70%

Eins og taflan gefur til kynna þá er mjög mikil þörf á námi á framhaldskólastigi fyrir fólk í strjálbýli.

Háskólanám í ferðamálafræðum er ekki hægt að stunda nema óbeint á Íslandi. Þeir einstaklingar sem gengið hafa til slíks náms hafa því farið til útlanda í háskóla og stækkar sá hópur ört. Margir nemendur Háskóla Íslands skila lokaritgerðum, sem fjalla um ferðamál. Á málþingi sem Fræðsluráð ferðaþjónustunnar og menntamálaráðuneytið stóðu fyrir 1994 kom m.a. fram að ef skólakerfið ætlar að sinna þörfum ferðaþjónustunnar fyrir menntun sé mikil nauðsyn á að boðið verði nám á háskólastigi. Menn eru almennt sammála um að mikil nauðsyn sé á að fá fólk til starfa í ferðaþjónustu með góða menntun á sviði fjármála, reksturs, stjórnunar og markaðsmála. Einnig hefur verið bent á að almenn stjórnunarfræðsla í smáfyrirtækjum sé óviðunandi.


Helstu veikleikar á sviði menntunar í ferðaþjónustu eru m.a. eftirfarandi.

- Engar kannanir hafa verið gerðar til að meta þörf fyrir menntað vinnuafli.
- Við skipulagningu á því námi sem í boði er nú hafa ekki verið sett nógu skýr markmið. Vegna þess hefur ekki tekist sem skyldi að flétta saman bóklegt og verklegt nám.
- Tengsl við atvinnulífið eru ekki nægjanleg.
- Menntun sem hefur verið í boði er ekki nægjanlega aðgengileg þeim sem þurfa mest á henni að halda.

Það hlýtur að vera eðlilegt markmið að fagmennska í ferðaþjónustu verði ekki lakari hér á landi en erlendis. Þar sem vinnumarkaður er lítill hér á landi þá verður að huga vel að uppbyggingu náms bæði tímalengd og innihaldi. Til að byrja með er líklega best að skipuleggja styttri námskeið samhliða endurmenntun.

2.2 Skipurit mennta og rannsókna

Mynd 2.2 sýnir skipulag menntamála og rannsókna sem tengja má ferðaþjónustu.



Það sem greinir ferðaþjónustu frá öðrum atvinnugreinum er að greinin hefur sjálf byggt upp vísi að námi í ferðamálagreinum. Ferðaþjónustan sem atvinnugrein, Ferðamálaráð og Leiðsöguskóli Íslands falla undir samgönguráðuneyti. Menntun- og rannsóknir hins opinbera falla aftur á móti undir menntamálaráðuneyti.

Skoða þarf hlutverk Ferðamálaráðs sérstaklega varðandi þennan málaflokk. Menntamálaráðuneyti annast nú framkvæmd á námi fyrir leiðsögumenn. Nefndin lítur á það sem hlutverk sitt að koma með almennar ábendingar um innihald menntunar og rannsókna. Frekari útfærsla verður að gerast í nánun samstarfi við stofnanir menntamálaráðuneytisins.

2.2.1 Framhaldsskólastig

Tafla 2.2.1 sýnir þær stofnanir sem bjóða nám í ferðamálum á framhaldsskólastigi.

Framhaldsskólastig

Staður/ Stofnun	Deild	Svið	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár
Reykjavík /Kópavogur						
Ferðamálskóli Flugleiða	IATA-UFTAA	ferðafræði, alþjóðlegt				6 mánuði
Ferðamálskóli Íslands	Ferðafræði - IATA	ferðafræði, tölvur, alþjóðlegt				6 mánuði
Hótel- og veitingaskólinn	Meistaraskóli	Matreiðsla, framleiðsla				
	Starfsréttindanáms	Gestamóttaka				
	Starfsmenntabrautir	Hótel og þjónustubraut				
Menntaskólinn í Kópavogi Egilsstaðir, FBS, MS	Ferðabraut MK	Stúdentspróf sérhæfing í ferðafræði	140 einingar þar af 22 í ferðaþjónustu			
	Ferðamálskóli kvöldskóli	Leiðsögunám Ferðafræðinám IATA-UFTAA				
Hólar í Hjaltadal Bændaskólinn	Námsbraut í ferðamálum	gefur engin réttindi	1 ár			

Menntaskólinn í Kópavogi hefur gegnt ákveðnu lykilhlutverki í menntun í ferðaþjónustu. Flestir framhaldsskólar sem tekið hafa upp kennslu í ferðaþjónustugreinum hafa gert það í samvinnu við MK. Eins og komið hefur fram hér að framan þá var Hótel- og Veitingaskólinn stofnaður 1971 og hefur hann nýverið flust í nýtt húsnæði í Kópavogi. Miðað við þarfir ferðaþjónustu þá telur nefndin að efla eigi Hótel- og Veitingaskólann á þeim sviðum sem hann starfar nú, auka eigi framboð á ýmskonar námskeiðum bæði í hótél/veitingagreinum og einnig í réttindanámi í ferðaþjónustu eins og í leiðsögn, IATA nám svo nokkuð sé nefnt. Leggja verður áherslu á að skólinn fái að þróast yfir í fagskóla á þessum sviðum.

2.2.2 Háskólastig

Sem stendur er ekki í boði nám í ferðamálafræðum á háskólastigi. Algengt er að nemendur taki lokaverkefni sem tengjast ferðamálum. Taflan sýnir það nám sem nú er skilgreint sem nám á háskólastigi og tengst getur ferðamálum.

Staður/stofnun	Deild	Svið	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár
Háskóli Íslands	Viðskiptadeild Raunvísindadeild	Viðskipta- Markaðsfr. Jarðfræði Landafræði Líffræði Matvælafræði				
Háskólinn á Akureyri	Rekstrardeild	Rekstrarfræði				
Tækniskóli Íslands		Rekstrar- Markaðsfr. Útflutningsfræði.				
	Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands	Fjölbreytileg námsk.		Hámark 2 ár		

Eins og kemur fram á myndinni að ofan þá er ekki til neitt heilsteyppt nám í ferðamálafræðum á háskólastigi. Það má einnig koma með rök fyrir því að ferðamál þurfi ekki á sérhæfðu námi að halda, heldur geti það nám sem nú er í boði á háskólastigi nýst fyrirtækjum í ferðaþjónustu eins og öðrum atvinnugreinum. Ferðaþjónusta er í eðli sínu mjög margbrotin atvinnustarfssemi. Finna má tilvísanir í greinina í flestu því námi sem nú stendur til boða á háskólastigi.

2.2.3 Háskólanám í ferðamálafræðum erlendis

Nefndin hefur athugað innihald og skipulag náms í ferðamálafræðum á háskólastigi í þeim löndum þar sem Íslendingar hafa helst sótt nám.

Þýskaland

Þeir sem fara til Þýskalands nema flestir í svokölluðum fagháskólum (Fachhochschule) þar í landi. Þeir skólar bjóða upp á fjögurra ára nám í rekstrar- og ferðamálafræðum. Fyrstu tvö árin eru nær eingöngu rekstrarfræði og hin síðari tvö ár í fögum sem tengjast ferðaþjónustu og þar af dvelja nemendur í eitt námsár við starfsnám í ferðaþjónustufyrirtæki. Nemendur geta valið um hin ýmsu sérsvið, t.d. almenna ferðamálafræði og hótél- og veitingarekstur. Nemendur útskrifast sem rekstrarhagfræðingar með ferðaþjónustu sem sérsvið. Námsgráðan heitir Diplom Betriebswirtschaft FH.

Þeir Íslendingar sem hafa sótt nám í ferðamálafræðum í fagháskólum í Þýskalandi hafa m.a. numið í München, Heilbronn, Augsburg, og Rheinland/Pfalz.

Frakkland

Í Frakklandi er um þrjú eftirfarandi menginnámsstig að ræða í ferðaþjónustu á háskólastigi:

BTS: Þessi námsgráða tekur til tveggja ára. Námið viðtækt faglegt ferðamálanám sem hentar vel fyrir þá sem hyggjast starfa t.a.m. á ferðaskrifstofum, upplýsingamiðsöðvar og leiðsögn svo eitthvað sé nefnt.

MST námsgráðan tekur til fjögurra ára. Fyrri hluti námsins er afar viðtækur þar sem lögð er stund á hinar ýmsu hliðar ferðaþjónustunnar sem og viðskipta og reksturs almennt. Seinni hluti námsins er mun fagtengdari þar sem rík áhersla er lögð á starfsnám. Nemendur útskrifast með meistaragráðu í vísindum og tækni ferðaþjónustunnar (MST-Tourisme).

DESS er námsgráða í sérhæfðri æðri menntun. Um er að ræða eins árs sérhæfingu eftir meistaránám. Námið er á doktorsstigi en er þó ekki doktorsgráða. Nemendur geta valið sér ýmis svið til sérhæfingar.

Ekki hafa ýkja margir Íslendingar sótt nám á háskólastigi í ferðamálafræðum í Frakklandi. Helsta ástæðan eru tungumálaerfiðleikar. Þó má nefna háskóla í Clermont-Ferrand, Chambéry og í París þar sem Íslendingar hafa numið.

Stóra-Bretland, Bandaríkin og Kanada

Í þessum löndum eru það fyrst og fremst hinar svokölluðu Bachelors og Masters námsgráður sem nemendur í ferðamálafræðum hafa sótt í. Sú fyrnefnda tekur yfirleitt til þriggja ára og útskrifast nemendur sem BA eða B.Sc, allt eftir innihaldi námsins. Meistaragráðan tekur yfirleitt til fjögurra ára og getur annað hvort verið MA eða M.Sc.

Nokkrir háskólar á Stóra Bretlandi hafa getið sér gott orð í ferðaþjónustu t.d. Háskólarnir í Bournemouth og Surrey í Englandi og Strathclyde í Skotlandi. Háskólinn í Bournemouth hefur einnig verið framarlega á sviði rannsókna í ferðaþjónustu. Í Bandaríkjunum og í Kanada hafa íslendingar sótt nám í ferðaþjónustu t.d. í McGill háskólanum í Montreal, háskólanum í Calgary, Alþjóðlega háskólanum í San Diego, háskólanum í Massachusetts og Johnson & Wales háskólanum á Rhode Island.

Noregur

Í Noregi hafa Íslendingar fyrst og fremst sótt nám í Lillehammer ferðaþjónustuskólanum sem býður þriggja ára ferðamálanám. Möguleiki er á framhaldsnámi tengdu rannsóknum. Náminu er skipt upp í ferðamálatengdar greinar, samfélagsfræði og viðskipta- og markaðstengdar greinar.

Að auki hafa Íslendingar sótt nám í ferðamálafræðum á háskólastigi í Hollandi, Sviss og í Ástralíu.

3 Menntunar- og rannsóknþörf í ferðaþjónustu

3.1 Staðan nú

Ferðaþjónusta er í eðli sínu þverfagleg atvinnugrein og það endurspeglast í menntun og rannsóknum á þessu sviði. Ferðaþjónustu má skipta niður í eftirfarandi meginsvið;

- a. Flutning ferðamanna
- b. Hótelrekstur
- c. Veitingarekstur
- d. Rekstur ferðaskrifstofa
- f. Upplýsingaþjónusta og leiðsögn
- g. Afþreyingu

Þótt ferðaþjónustan sé orðin ein af mikilvægustu atvinnugreinum Íslendinga, er rannsókn- og þróunarstarfsemi á sviði ferðaþjónustu óveruleg og ekki í neinu samræmi við vægi greinarinnar í þjóðarbúskapnum. Engar sérstakar rannsóknastofnanir sinna rannsókn- og þróunarstarfssemi fyrir ferðaþjónustuna og núverandi rannsóknastofnanir hafa tekið lítið mið af þörfum greinarinnar í rannsóknum sínum. Ferðamálaráð hefur fram til þessa ekki raðað rannsóknum meðal forgangsverkefna sinna. Því eru lítil tengsl á milli ferðaþjónustunnar og upplýsinga- og rannsóknahverfisins á Íslandi.

Þrátt fyrir fáar rannsóknir á ferðaþjónustu eru engin haldbær rök fyrir því að rannsóknir séu síður nauðsynlegar þar en í öðrum starfsgreinum. Þvert á móti þá veldur ör þróun greinarinnar og hratt vaxandi samkeppni á heimsmarkaði því, að rannsóknir í ferðaþjónustu eru mikilvægari nú en nokkru sinni.

Það er þó ekki einungis nóg að framkvæma rannsóknirnar. Ekki skiptir síður máli að niðurstöður rannsókna séu aðgengilegar á formi sem nýtist fyrirtækjum í greininni. Þær fáu rannsóknir sem gerðar eru á sviði ferðaþjónustu fara framhjá þorra allra fyrirtækja í greininni, enda hefur þörfin fyrir bætt aðgengi að niðurstöðum rannsókna komið víða fram.

3.1.1 Menntun

Til að koma til móts við þarfir allra þessara megin sviða er þörf á fjölbreyttri menntun, sem að hluta er nú þegar í boði. Segja má að framboðið sé einna best hvað snertir fagmenntun og menntun á framhaldsskólastigi, en slíkir skólar eru starfandi á mörgum sviðum ferðaþjónustu. Þannig er nú þegar í boði nám í eftirfarandi greinum:

Flugnám, þjálfun flugliða

Flugleiðir, Íslandsflug, Atlanta og einkareknir flugskólar.

Meirapróf - leiðsögupróf

Nám fyrir bílstjóra á hópferðabílum og fyrir leiðsögumenn.

Ferðamálanám

Boðið í tveimur einkareknum skólum; Ferðamálastólaskóla Íslands og Ferðamálastólaskóla Flugleiða, og nokkrum framhaldsskólum; MK, ME, FBS, Hólaskóla í Hjaltadal.

Hótel- og veitingaskóli

Í Menntaskólanum í Kópavogi er boðið nám í matvæla- og veitingagreinum.

Þótt töluvert framboð sé á fagmenntun og menntun á framhaldsskólastigi þarf að gera átak í því að námið verði aðgengilegt þeim sem þegar starfa við ferðaþjónustu. Vísbendingar eru um að menntunarstig sé afar lágt í vissum geirum greinarinnar¹.

Eiginlegt háskólanám á sviði ferðaþjónustu er ekki til á Íslandi. Samanburður við erlend ríki leiðir þó í ljós að þörf fyrir slíka menntun er ótvíræð. Þessari þörf hefur að einhverju marki verið fullnægt með sókn Íslendinga í nám erlendis, en þó er staða ferðaþjónustu á Íslandi bæði lakari en í helstu samkeppnislöndum okkar og í öðrum innlendum starfsgreinum. Þetta á bæði við um menntun á sviði rekstrar og stjórnunar og um fagmenntun á háskólastigi.

Jafnframt hafa verið haldin ýmis námskeið í tengslum við ferðaþjónustu, t.d. hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Reykjavíkurborg o.fl.

3.1.2 Rannsóknir

Gerð hefur verið grein fyrir rannsóknarþörf í ferðaþjónustu í skýrslu Rannsóknaráðs frá 1994². Þar kemur fram að skipta megi rannsóknastarfi í eftirfarandi svið:

Grunnrannsóknir

Tilraunir eða fræðastörf sem hafa að markmiði að svara grundvallarspurningum.

Hagnýtar rannsóknir

Starfsemi sem miðar að því að öðlast nýja þekkingu eða færni með hagnýtingu í huga.

Þróunarstarfsemi

Skipulegt starf þar sem hagnýtt er fyrirbyggjandi þekking til að undirbúa nýja þjónustu eða til að endurbæta þjónustu sem er til staðar.

Nýsköpun

Sú starfsemi sem lýtur að því að þróa og markaðssetja vörur/þjónustu. Nýsköpun er ekki lokið fyrr en arðbær sala er hafin og markaðurinn hefur viðurkennt hana.

¹ Sjá til dæmis: Úttekt á gistiþjónustu á landsbyggðinni: RHA, Akureyri 1997.

² Rannsóknir og ferðaþjónusta á Íslandi (Rannís 1995-1): Rannsóknarráð Íslands, Reykjavík 1995.

Í fyrrnefndri skýrslu Rannís um rannsóknir í ferðaþjónustu kemur eftirfarandi fram um stöðuna nú og rannsóknþörfina:

- Ferðaþjónustan getur að hluta nýtt sér þær grunnrannsóknir sem þegar hafa verið gerðar, án þess þó að þær uppfylli þörf greinarinnar fyrir grunnrannsóknir
- Vöruþróun og markaðsstarf í þágu ferðamála er vanrækt svið hér á landi
- Mikils átak er þörf til að koma af stað og efla hagnýtar rannsóknir, en þar skiptir samspil fyrirtækja, stofnana, skóla og opinberra aðila höfuðmáli
- Til að vöruþróun og nýsköpun verði markviss og skili sem mestum árangri verður að byggja á traustum grunni rannsókna

Í fáum orðum þá er mjög mikil þörf fyrir hverslags rannsóknir í ferðaþjónustu, en að sama skapi lítil virkni og framboð á þessu sviði.

4 Framtíðarskipulag mennta og rannsókna

4.1 Forsendur

Á undanförmum árum hefur öðru hvoru verið í gangi umræða um menntun og rannsóknir í ferðaþjónustu. Árið 1992 var skipað í Fræðsluráð ferðaþjónustunnar og skilaði ráðið áfangaskýrslu í lok árs 1995 en lokaskýrsla liggur ekki fyrir. Vorið 1996 var kynnt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ferðamálum þar sem m.a. var fjallað um menntun og rannsóknir. Síðastliðinn vetur hefur verið í gangi starf tengt þessari stefnumörkun. Nefndin hefur kynnt sér nám bæði á framhaldsskóla og háskólastigi sem tengja má ferðaþjónustu. Nefndin hefur enn fremur kynnt sér hvernig staðið hefur verið að rannsóknum á þessu sviði.

Fyrirtækjum í ferðaþjónustu má skipta í fjóra meginflokka

- a. Veitingar og gisting
- b. Samgöngur, afþreying
- c. Ferðaskipuleggjendur
- d. Söluskrifstofur

Þörf fyrir menntað starfsfólk og rannsóknir er mjög mismunandi. Menntunarstig er lægra í veitinga- og hótélrekstri en í öðrum þáttum ferðaþjónustu, þetta á sérstaklega við í strjálbýli. Nám tengt samgöngum og afþreyingu er gjarnan mjög sérhæft og í umsjá fyrirtækja sem þurfa á slíkum starfskrafti að halda. Nefndin telur að stefnumörkun eigi þess vegna í upphafi að ná til þess sem skilgreint er sem veitinga- og hótélgreinar annars vegar og hins vegar ferðaskipuleggjendur. Grundvallarspurningin er þó: „Er þörf fyrir sérhæft nám í ferðaþjónustu og þá hvernig nám“.

Nefndin kys að svara því á eftirfarandi hátt fyrir framhaldsskólastig, háskólastig og rannsóknir og þróunarstarf:

4.1.1 Framhaldsskólastig

Í Menntaskólanum í Kópavogi er í boði sérhæft nám fyrir veitinga og hótélgreinar og leiðsögumenn sem nefndin telur að svari vel kröfum atvinnugreinarinnar. Enn fremur verður að huga að námskeiðum á framhaldsskólastigi fyrir hótél- og veitingagreinar í strjálbýli. Búið er að byggja upp Hótél- og veitingaskólann í Kópavogi og fela þar þeim skóla að sjá um námskeið og endurmenntun á framhaldsskólastigi fyrir hótél- og veitingagreinar í samvinnu við menntastofnanir úti á landi. Nefndin leggur áherslu á að athuga verði bæði almenn námskeið og einnig nám sem hluta af öðru námi á framhaldsskólastigi.

4.1.2 Háskólastig

Ferðaþjónustufyrirtæki lúta sömu lögmálum og önnur fyrirtæki um almennan rekstur og markaðsmál. Ferðaþjónustufyrirtæki eru mjög sérhæfð í hagnýtingu á allskonar

upplýsingakerfum. Nefndin leggur til að byggt verði upp nám fyrir ferðaþjónustufyrirtæki í tengslum við almennt viðskipta- og rekstrarnám á háskólastigi auk þess sem lögð verði áhersla á efla þverfaglegt samstarf á sviði ferðaþjónustu milli innlendra háskóla.

Nauðsynlegt er, eins og fram kemur í stefnumótuninni, að leitað verði leiða til þess að virkja sem best þau fræðisvið á háskólastigi sem geta veitt innsýn í menningararf þjóðarinnar með það fyrir augum að gera menningarverðmæti þjóðarinnar aðgengileg fyrir ferðaþjónustuna. Nefndin leggur til að komið verði á fót samstarfsverkefni milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri í þeim tilgangi að sinna þessu verkefni.

4.1.3 Rannsóknir

Rannsóknir og þróunarstarf eru undirstöður þess að hægt sé að horfa til framtíðar. Markviss uppbygging ferðaþjónustu verður ekki nema rannsókn- og þróunarstarf verði eft. Efla verður þær stofnanir og skóla sem staðið geta að rannsóknum og auka samstarf á milli rannsóknastofnana og fyrirtækja. Gera verður fyrirtækjum mögulegt að stunda öflugt þróunarstarf í ferðaþjónustu, en án þess mun greinin smám saman staðna. Að lokum verður að gera niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs betur aðgengilegar þeim sem starfa í greininni.

4.2 Tillögur um skipulag


4.2.1 Framhaldskólastig

Tafla 4.1 sýnir það skipulag menntunar sem nefndin leggur til að verði á framhaldsskólastigi.

Framhaldsskólastig

Staður/ Stofnun	Deild	Svið	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár
Reykjavík /Kópavogur						
Hótel og matvælastólinn	Meistaraskóli	Matreiðsla, framleiðsla				
	Starfsréttindanáms	Gestamóttaka				
	Starfsmenntabrautir	Hótel og þjónustubraut				
Menntaskólinn í Kópavogi	Ferðabraut MK	Stúdentspróf sérhæfing í ferðafræði	140 einingar þar af 22 í ferðaþjónustu			
	Ferðamálastól kvöldskóli	Leiðsögunám Ferðafræðinám IATA-UFTAA				
Ferðamálastól Flugleiða	IATA-UFTAA	ferðafræði, alþjóðlegt				6 mánuði
Ferðamálastól Íslands	Ferðafræði - IATA	ferðafræði, tölvur, alþjóðlegt				6 mánuði

Nefndin er sammála um að miðstöð náms og endurmenntunar í ferðamálafræðum á framhaldsskólastigi verði í Menntaskólanum í Kópavogi. Skólinn eigi að leggja áherslu á bóklegt nám, starfsnám og námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi samhliða öflugum námskeiðahaldi. Skólinn á einnig að sjá um starfsnám fyrir leiðsögumenn. Nauðsynlegt er að endurbæta leiðsögunámið, laga það að ferðaþjónustunni eins og hún er nú. Nefndin leggur einnig til að athuguð verði framtíðarstaða skólans í menntun í ferðaþjónustu. Nefndin leggur áherslu á að skólinn hafi það hlutverk að þróa nám í ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi.



Miðstöð náms og endurmenntunar í ferðamálafræðum á framhaldsskólastigi verði í Menntaskólanum í Kópavogi. Miðlun námsefnis milli skóla verði í höndum Verkmenntaskólans á Akureyri.

Skólinn leiti eftir samstarfi við menntastofnanir í strjálbýli svo sem Hólaskóla og Fjölbrautaskóla víða um land um framkvæmdina. Nefndin leggur áherslu á að í boði verði námskeið í menntastofnunum á landsbyggðinni og einnig verði boðið fjarnám í sömu greinum. Lagt er til að miðlun námsefnis verði í höndum Verkmenntaskólans á Akureyri. Nefndin leggur áherslu á að hluti af námskeiðunum taki sérstakt mið af aðstæðum á hverju svæði. Þess vegna er mikilvægt að heimamenn séu virkjaðir við skipulagningu námsins. Einnig er lagt til að kannað verði með hvaða hætti tryggt verði að sjónarmiða ferðaþjónustunnar verði gætt við yfirstjórn náms á framhaldsskólastigi. Að auki þarf að skilgreina innhald ferðamálanáms á framhaldsskólastigi og hvernig það tengist námi á háskólastigi.

4.2.2 Hagsmunaaðilar - IATA nám

Nefndin er sammála um að hlúa að svokölluðu IATA námi sem hagsmunaaðilar bjóða. Nefndin leggur til að Menntamálaráðuneytið láti framkvæma mat á þessu námi. Nefndin leggur einnig til að þetta nám verði metið sem ígildi 3 mánaða starfsreynslu í ferðamálanámi á háskólastigi. Nefndin leggur til að athugað verði hvort hægt sé að koma á fót slíku námi úti á landsbyggðinni. Útbúa þarf nýtt námsefni sem nýtist þessum skólum auk annarra skóla á framhaldsskólastigi. Í dag er til vísir að slíku námsefni sem ekki þarf að taka svo langan tíma til að bæta við.

4.2.3 Háskólastig

Nefndin leggur til að komið verði á fót starfshópi til þess að athuga hvernig fagnámi í ferðaþjónustu á háskólastigi verði best fyrir komið. Nefndin telur að bjóða þurfi upp á hagnýtt nám í ferðaþjónustu á háskólastigi. Nefndin leggur til að slíkt nám verði tengt námi í rekstrarfræðum við Háskólann á Akureyri, en að jafnframt verði unnið að uppbyggingu námsins í góðum tengslum við Háskóla Íslands. Taflan hér á eftir sýnir hvaða nám gæti nýst fyrirtækjum í ferðaþjónustu á háskólastigi.

Háskólastig

Staður/ Stofnun	Deild	Svið
Reykjavík		
Háskóli Íslands	Viðskiptadeild Raunvísindadeild Félagsvísindadeild	Viðskipta- Markaðsfræði Jarðfræði Landafræði Líffræði Matvælafræði
	Endurmenntunastofnun	Fjölbreytileg námskeið
Tækniskóli Íslands		Rekstrar- markaðsfræði Útflutningsfræði
Hótel og veitingaskóli	Endurmenntun	
Háskólinn á Akureyri	Rekstrarfræði	ferðaþjónustuvið
Erlendir háskólar	Bournemouth	samstarf um meistaranám
Ríkjasamstarf	Evrópusamband	Erasmus Leonardo Da Vinci

Nefndin er sammála um eftirfarandi:

1. Ferðamálafræði

Að stofnsett verði nám í ferðamálafræðum við Háskólann á Akureyri. Námið verði vistað við rekstrardeild skólans. Námið verði skipulagt sem sérsvið í rekstrarfræði, þar sem sérstök áhersla verður lögð á upplýsingakerfi, útflutningsfræði, rekstur, fjármál, stjórnun og markaðsmál.

2. Endurmenntun

Námskeið á ýmsum sviðum ferðaþjónustu verði skipulögð í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þar má nefna námskeið í markaðsmálum, áætlanagerð, upplýsingakerfum og almenn tölvunámskeið.

3. Samstarf háskóla

Núverandi samstarf Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands verði eftt til muna með það að markmiði að sameina kraftana í kennslu og rannsóknum á sviði ferðaþjónustu.

4. Erlendir háskólar

Nefndin leggur til að athugaðir verði möguleikar á samstarfi við einhvern erlendan háskóla. Þannig getum við notið góðs af nýjungum í námsefnisgerð og nýtt okkur upplýsingar um skipulag námsins. Einnig væri mögulegt að koma íslenskum stúdentum í meistaranám við slíka skóla.

5. Ríkjasamstarf

Nefndin leggur til að athugaðir verði möguleikar Íslendinga í ríkjasamstarfi Evrópuþjóða. Má þar benda á hina svokölluðu Erasmus og Leonardo da Vinci-áætlunina um námsmannaskipti.

Ferðamálafræði við Háskólann á Akureyri

Nefndin leggur til að komið verði á laggirnar braut í ferðaþjónustu við rekstrardeild Háskólans á Akureyri. Markmið námsins sé að mennta fólk í stjórnunarstöður í ferðaþjónustufyrirtækjum. Ferðaþjónustusvið við Háskólann á Akureyri má hugsa sér með tvennum hætti. Annars vegar tveggja ára rekstrarfræðinám, sem með viðbótarári gæfi BS gráðu, en hins vegar þriggja ára samfellt nám til BS gráðu. Nefndin leggur áherslu á að námið byggist á námi í rekstrarfræðum (2 ár). Lögð verði áhersla á hagnýt verkefni og þjálfun í fyrirtækjum í ferðaþjónustu á svipaðan hátt og gefist hefur vel í sjávarútvegsfræðum. Að lokinni starfsþjálfun þá taki við eins árs starfsþjálfun hjá einhverju virtu fyrirtæki í ferðaþjónustu. Lagt er til að skipaður verði lektor eða dósent í ferðamálafræðum við skólann.

Áður en farið er af stað með nám á háskólastigi er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir hvar námið endar og hvaða réttindi það gefur. Þeir Íslendingar sem stundað hafa nám við erlenda skóla kalla sig flestir ferðamálafræðinga þegar þeir koma heim, án tillits til lengdar eða innihalds námsins. Starfsfólk ýmissa þjónustufyrirtækja í greininni, þó fyrst og fremst á sölufólk ferðaskrifstofum, hefur stofnað félag ferðafræðinga. Félag háskólamenntaðra ferðamálafræðinga var stofnað fyrir þremur árum. Inngöngurétt í það félag hafa einungis þeir sem hafa a.m.k. þriggja ára háskólanám að baki. Nefndin leggur til að eftir þriggja ára háskólanám geti nemendur

kallað sig ferðafræðinga eða ferðamálafræðinga. Háskólinn á Akureyri útskrifi rekstrarfræðinga á ferðaþjónustusviði.

Endurmenntun

Nefndin leggur til að skipulögð verði námskeið sem tengjast ferðaþjónustu hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Til að byrja með verði lögð sérstök áhersla á námskeið í upplýsingakerfum, markaðsmálum, áætlunargerð og almenn tölvunámskeið sem taki mið af störfum í ferðaþjónustu. Lagt er til að Ferðamálaráð hafi frumkvæði að þessu starfi í samvinnu við fyrirtæki í greininni.

Samstarf við erlenda háskóla

Nefndin leggur til að tekið verði upp formlegt samstarf við einn eða fleiri erlenda háskóla, sem bjóða vandað nám í ferðamálagreinum. Megináherslan í samstarfinu verði á framhaldsnám og rannsóknir á sviði ferðaþjónustu. Hér mætti t.d. nefna háskólann í Bournemouth í Englandi. Sá háskóli er orðinn sá stærsti á sviði ferðaþjónustu í þar í landi og á sviði rannsókna í greininni er hann einn af leiðandi háskólum innan Evrópu.

4.2.4 Rannsóknir og þróunarstarf

Starfshópurinn leggur til að komið verði á fót faghópi í ferðaþjónustu hjá Rannsóknaráði. Hlutverk hópsins verði að skilgreina áherslusvið í rannsókna og þróunarstarfi á svipaðan hátt og hefur verið gert fyrir önnur svið hjá ráðinu og að í þeirri vinnu verði tekið mið af því sem best gerist í nágrannalöndum okkar. Til að byrja með leggur starfshópurinn til að veitt verði 10 milljónum til Rannsóknasjóðs sem verði eyrnamerkta rannsóknum í ferðaþjónustu. Þessi upphæð verði aukin upp í 30 milljónir á næstu 5 árum. Þessum fjármunum verði veitt til verkefna sem falla undir áherslusvið faghóps í ferðaþjónustu. Samhliða þessu er lagt til að athugað verði sérstaklega hvort unnt er að útvega erlent fé, t.d. í gegnum Evrópusamstarf. Nefndin leggur jafnframt til að Ferðamálaráð fái til ráðstöfunar 5 milljónir árlega til að styrkja rannsóknir á sviði ferðaþjónustu.

Nefndin leggur til að í rannsóknum verði í upphafi lögð áhersla á eftirfarandi:

- a. Upplýsingakerfi og gæðamál
- b. Ferðamannastaði og ímynd
- c. Náttúrufar og umhverfi
- d. Markaðsmál og úrtakskannanir
- e. Rekstrarumhverfi

Nefndin leggur jafnframt til að ráðnir verði sérfræðingar á sviði ferðaþjónustu að Ferðamálaráði³ og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og að í framhaldi af því geri Ferðamálaráð og Háskólinn á Akureyri með sér samstarfssamning um rekstur gagnamiðstöðvar og rannsóknir á sviði ferðaþjónustu. Gagnamiðstöðin skal efna til samstarfs við fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem nýta upplýsingar og rannsóknir við

³ Þegar hefur verið tekin ákvörðun af hálfu Samgönguráðuneytis um að ráða sérfræðing í ferðaþjónustu að innanlandsskrifstofu Ferðamálaráðs og verður ráðið í þá stöðu frá áramótum 1997/1998.

stefnumótun í rekstri sínum, um aðgang að upplýsingum og rannsóknum. Jafnframt skal gagnamiðstöðin koma upp formlegu samstarfsneti við aðila innanlands og erlendis um upplýsingar, rannsóknir og þróunarstarf í ferðaþjónustu. Lögð er áhersla á að komið verði upp aðgengilegum gagnabanka á veraldarvefnum, þar sem hægt verði að nálgast allar helstu upplýsingar um atvinnugreinina. Að auki er mikilvægt að upplýsingum um slys og óhöpp er tengja má slæmum aðbúnaði og aðstöðu verði safnað og bent á leiðir til úrbóta.

5 Framkvæmdaáætlun

Nákvæma útfærslu á framkvæmdaáætlun er að finna í viðauka 1, en hér að neðan verða dregin fram helstu áhersluatriði hennar.

5.1 Framhaldsskólastig

Nefndin leggur til að strax í byrjun næsta árs verði stofnaður starfshópur til að yfirfara skilgreiningu náms í ferðamálafræðum á framhaldsskólastigi. Menntaskólanum í Kópavogi í samráði við Ferðamálaráð, verði falin umsjón verksins og stefnt verði að því að ljúka því í árslok 1998. Nefndin leggur til að veitt verði 5 milljónum króna til átaks í námsefnisgerð á sviði ferðaþjónustu, þannig að fyrsti afraksturinn líti dagsins ljós veturinn 1998-1999.

5.2 Menntun á vegum hagsmunaðila

Nefndin leggur til að Menntamálaráðuneyti verði falið að yfirfara námsskrá og hlutverk skóla á vegum hagsmunaðila og skilgreina í samvinnu við háskólastigið tengsl þeirra við frekara nám. Að þessu verði unnið árið 1998 og því lokið fyrir haustið.

5.3 Háskólastig

Nefndin leggur til að námsbraut í ferðaþjónustu við rekstrardeild Háskólans á Akureyri taki til starfa haustið 1998 og að þá þegar verði farið að leita samstarfs við erlendar háskólastofnanir. Nefndin leggur jafnframt til að staða háskólakennara í ferðamálafræðum við skólann verði auglýst vorið 1998 og ráðið í hana frá 1. ágúst það ár.

5.4 Rannsóknir og þróunarstarf

Nefndin leggur til að þegar verði stofnaður faghópur í ferðaþjónustu við Rannsóknarráð og að á næsta ári verði veitt 10 milljónum til ráðsins. Faghópurinn hefji umsvifalaust vinnu við stefnumörkun Rannsóknaráðs á sviði rannsókna í ferðaþjónustu og ljúki þeirri vinnu eigi síðar en veturinn 1998-1999.

Þegar hefur verið auglýst rannsóknastaða við innanlandsdeild Ferðamálaráðs á Akureyri. Nefndin leggur til að þegar verði auglýst staða sérfræðings á sviði ferðamála við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og að veitt verði til þess 3 milljónum á næsta ári. Nefndin leggur jafnframt til að Háskólinn á Akureyri og Ferðamálaráð geri með sér formlegan samstarfssamning fyrir vorið 1998 og hefjist þá þegar handa við uppbyggingu gagnamiðstöðvar um ferðaþjónustu.

Viðauki 1 – Framkvæmdaáætlun

Menntun og rannsóknir í ferðaþjónustu

Stefnumótun

Á Íslandi verði í boðið menntun í ferðaþjónustu á háskólastigi, og menntun og starfsþjálfun í ferðaþjónustu verði einnig í boði á öðrum skólastigum. Rannsóknastarfsemi á sviði ferðamála verði efld þannig að hún verði í fullu samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar og styðji við stefnumótun, markaðsstarf, vörubrúun og gæðaeftirlit í atvinnugreininni.

Markmið

Menntun á framhaldsskólastigi

1,0 Auka og efla skal nám á sviði ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi með því að nýta vel áfangakerfi framhaldsskólanna. Tryggt verði að námið þjóni þörfum atvinnugreinarinnar með sem bestum hætti og veiti einstaklingum menntun til þess að taka að sér störf í greininni.

Leiðir

Aðgerðir

Ábyrgur

Hvenær

1,1 Námið verði gert aðgengilegt sem flestum, m.a. með því að nýta nútíma samskiptatækni.

1,1,1

Miðstöð náms í ferðamálafræðum á framhaldsskólastigi verði í Menntaskólanum í Kópavogi. Skólinn leggi áherslu á bóklegt nám, starfsnám og námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu

Menntamála-
ráðuneyti /
Menntaskólinn í
Kópavogi

Vetur
1997/1998

1,2 Við yfirstjórn starfsnáms í framhaldsskólum verði tryggt að gætt verði sjónarmiða ferðaþjónustunnar og komið til móts við menntunarþarfir greinarinnar. Einnig verði kannað hvort koma eigi á fót sérstöku starfsgreinarráði ferðaþjónustunnar.

1,2,1

Sömu nefnd og falið verður að skilgreina innihald ferðamálanáms (sjá 2,3,2) verði falið að kanna með hvaða hætti tryggt verði að sjónarmiða ferðaþjónustunnar verði gætt við yfirstjórn náms á framhaldsskólastigi.

Menntamála-
ráðuneyti /
Samgöngu-
ráðuneyti

1998

1,3 námi á framhaldsskólastigi verði lögð áhersla á að það veiti aðgang að frekara námi þ.m.t. háskólanámi.

1,3,1

Skilgreina þarf innihald ferðamálanáms á framhaldsskólastigi og hvernig það tengist námi á háskólastigi.

Menntamála-
ráðuneyti /
Samgöngu-
ráðuneyti

1998

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
	1,4 Ljúka skal sem fyrst úttekt Fræðsluráðs ferðaþjónustunnar á námi í ferðaþjónustu og skyldum greinum.			
		1,4,1 Sjá lið 1,3,2		
	1,5 Áfram verði unnið að þarfagreiningu fyrir menntun í ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi. Settur verði á fót starfshópur er vinni að því að skilgreina og hanna nám á sviði ferðaþjónustu er nýti kosti áfangakerfis framhaldsskólanna til hins ítrasta.			
		1,5,1 Menntamálaráðuneyti láti framkvæma mat á IATA-námi.	Menntamálaráðuneyti	1998
	1,6 Gerð verði tilraun með fjarkennslu framhaldsskólanámsefnis á sviði ferðafræði og skyldra greina.			
		1,6,1 Menntaskólinn í Kópavogi bjóði fjarnám til stúdentsprófs á ferðamálabraut í samvinnu við Verkmenntaskólann á Akureyri.	Menntaskólinn í Kópavogi / Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vor 1998
	1,7 Gerð verði tilraun með kennslu styttri námskeiða á sviði ferðaþjónustu með fjarkennslu.			
		1,7,1 Skipulögð verði styttri námskeið og endurmenntun sem boðin verði í fjarnámi. Menntaskólinn í Kópavogi, í samvinnu við Ferðamálaráð, hafi yfirumsjón með faglegu hliðinni, en njóti aðstoðar Verkmenntaskólans á Akureyri við framkvæmdina.	Menntaskólinn í Kópavogi / Ferðamálaráð / Verkmenntaskólinn á Akureyri	1998

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær		
Menntun á háskólastigi						
2.0 Það verði menntun á háskólastigi, sem tekur tillit til þarfa atvinnugreinarinnar.						
	2,1	Komið verði á fót námi í ferðapjónustu innan rekstrarfræðideilda háskóla, eða annarra deilda þar sem námsframboð nýtist ferðapjónustunni.	2,1,1	Nám í rekstrarfræðum ferðapjónustu á háskólastigi verði á Akureyri og megináherslan verði upplýsingakerfi, rekstur, fjármál, stjórnun og markaðsmál.	Háskólinn á Akureyri / Menntamála-ráðuneyti	Vor 1998
			2,1,2	Skipuð verði nefnd er geri úttekt á nauðsyn sérhæfðs, starfstengds, náms á háskólastigi á sviði ferðapjónustu og hvernig slíku námi verði best fyrir komið verði best fyrir komið	Samgöngu-ráðuneyti / Menntamála-ráðuneyti	1998
			2,1,3	Skipulögð verði námskeið hjá Endurmenntunar-stofnun sem tengjast ferðapjónustu.	Endurmenntunar-stofnun / Ferðamálaráð.	1998
	2,2	Kanna skal möguleika á menntun leiðsögumanna á háskólastigi, annars vegar ósérhæft nám og hins vegar nám þar sem sérfræðingar á ýmsum sviðum gætu bætt við sig leiðsögunámi.				
			2,2,1	M.K. verði falið að endurbæta starfsnám fyrir leiðsögumenn og aðlaga það að ferðapjónustunni í dag.	Menntamála-ráðuneyti / Menntaskólinn í Kópavogi og Ferðamálaráð	1998
	2,3	Hvatt er til að núverandi námskerfi á háskólastigi taki mið af þörfum ferðapjónustunnar í námsframboði sínu, eftir því sem framast er unnt. Jafnframt er hvatt til þess að Íslendingar sækja áfram háskólanám í ferðamálafræðum erlendis.	2,3,1	Gerðar verði kannanir í ferðapjónustu til að meta þörf fyrir menntað vinnuafli.	Ferðamálaráð	1998/1999
			2,3,2	Gerð verði úttekt á innihaldi náms í ferðamálafræðum við erlenda háskóla og kannað námsmat að baki starfsheitinu "háskólamenntaður ferðamálafræðingur"	Menntamála-ráðuneyti	1998
			2,3,3	Starfsheiti verði skilgreind þannig að eftir 3 ára háskólanám geti nemendur kallað sig ferðafraeðinga. Háskólinn á Akureyri útskrifi rekstrarfræðinga á ferðapjónustusviði.	Menntamála-ráðuneyti	1998
			2,3,4	Athugaðir verði möguleikar á samstarfi við erlenda skóla umi ferðamálahluta náms á háskólastigi auk meistara- og doktorsnáms.	Háskólinn á Akureyri	1998/1999
			2,3,5	Fylgst verð náið með starfi innan Evrópusambandsins sem miðar að því að samræma menntunar- og biálfunarkröfur. (sjá einnig 4,3,1)	Samgöngu-ráðuneyti	Í sífellu

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Abyrgur	Hvenær
3,0 Lögð verði áhersla á að byggja upp traustan grunn upplýsinga um stöðu og þróun ferðaþjónustunnar.				
	3,1 Komið verði upp gagnamiðstöð er safni skipulega mikilvægum grunnupplýsingum um ferðaþjónustuna.			
		3,1,1 Ráðinn verði sérfræðingur á sviði ferðaþjónustu til Ferðamálaráðs (þegar komið til framkvæmda).	Ferðamálaráð	Aramót 1997/1998
		3,1,2 Gerður verði samstarfssamningur milli Ferðamálaráðs og Háskólans á Akureyri um rekstur gagnamiðstöðvar og rannsóknir á sviði ferðaþjónustu	Ferðamálaráð og Háskólinn á Akureyri	Vor 1998
	3,2 Gagnamiðstöðin leiti eftir samstarfi við fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem nýta upplýsingar og rannsóknir við stefnumótun í rekstri sínum, um aðgang að upplýsingum og rannsóknnum.			
		3,2,1 Gagnamiðstöðin efni til samstarfs við fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem nýta upplýsingar og rannsóknir við stefnumótun í rekstri sínum, um aðgang að upplýsingum og rannsóknnum.	Ferðamálaráð og Háskólinn á Akureyri	1998
	3,3 Gagnamiðstöðin leiti fanga innanlands og erlendis um upplýsingar, rannsóknir og þróunarstarf í ferðaþjónustu.			
		3,3,1 Gagnamiðstöðin komi upp formlegu samstarfsneti við aðila innanlands og erlendis um upplýsingar, rannsóknir og þróunarstarf í ferðaþjónustu.	Ferðamálaráð og Háskólinn á Akureyri	1998
	3,4 Lögð verði áhersla á söfnun og úrvinnslu upplýsinga um slys og óhöpp sem henda og tengja má aðbúnaði og aðstöðu sem í boði eru.			
		3,4,1 Upplýsingum verði safnað um slys og óhöpp sem henda og tengja má aðbúnaði og aðstöðu og bent á leiðir til úrbóta.	Ferðamálaráð og Háskólinn á Akureyri	1998
	3,5 Gagnamiðstöðin nýti bestu fáanlegu miðlunartæki til að miðla upplýsingum til rannsóknaraðila og fyrirtækja.			
		3,5,1 Komið verði upp aðgengilegum gagnabanka á veraldarvefnum, þar sem hægt verði að nálgast allar mikilvægustu upplýsingarnar um ferðaþjónustu.	Ferðamálaráð og Háskólinn á Akureyri	1998
	3,6 Rannsóknir á sviði ferðaþjónustu verði eflidar við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA)			
		3,6,1 Leitað verði eftir fjármagni frá opinberum aðilum, Rannsóknaráði og einkaaðilum til að kosta stöðu sérfræðings á sviði ferðaþjónustu við RHA	Samgöngurn. / Menntamálar. / Háskólinn á Akureyri	Vetur 1997/1998

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
4,0 Stuðlað verði að því að rannsóknir á sviði ferðapjónustu verði eflar.				
	4,1 Stuðlað verði að sérhæfðum rannsóknum á sviði ferðapjónustu. Stofnað verði til rannsóknarstarfsemi á háskólastigi á sviði ferðapjónustu.			
		4,1,1 Ráðinn verði lektor eða dósent í ferðamálafræðum við Háskólann á Akureyri er starfi jafnframt í tengslum við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri á sviði ferðamála.	Háskólinn á Akureyri	1.ágú.98
		4,1,2 Komið verði á fót faghóp i ferðapjónustu hjá Rannsóknaráði. Hlutverk hópsins verði að skilgreina áherslusvið i rannsókna og þróunarstarfi á svipaðan hátt og hefur verið gert fyrir önnur svið hjá ráðinu.	Rannsóknaráð	Vor 1998
		4,1,4 Veitt verði 10 milljónum til Rannsóknasjóðs sem verði eyrnamerkt rannsóknum i ferðapjónustu. Þessi upphæð verði aukin upp i 30 milljónir á næstu 5 árum.	Alþingi	1998
		4,1,5 Rannsóknir beinist til að byrja með að eftirfarandi:	Rannsóknaráð	Vor 1998
		a. Upplýsingakerfum, gæðamál		
		b. Ferðamannastöðum , mynd		
		c. Náttúrufari, umhverfi		
		d. Markaðsmálum / úrtakskannanir		
		e. Rekstrarumhverfi		
	4,2 Leitað verði leiða til þess að virkja sem best þau fræðasvið á háskólastigi sem veitt geta innsýn i menningararf þjóðarinnar með það fyrir augum að gera menningarverðmæti þjóðarinnar aðgengileg fyrir ferðapjónustuna.			
		4,2,1 Komið verði á samstarfsverkefni milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri með það fyrir augum að gera menningarverðmæti þjóðarinnar aðgengileg fyrir ferðapjónustuna.	Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri	Vor 1998
	4,3 Leitað verði leiða til að virkja rannsóknastofnanir betur i þágu ferðapjónustunnar. Kannað verði sérstaklega á hvern hátt hægt er að nýta og efla þær grunnrannsóknir, sem stundaðar eru á vegum stofnana Háskóla Íslands og Rannsóknaráðs, i þágu ferðapjónustunnar.			
		4,3,1 Athugaðir verði sérstaklega möguleikar á erlendu fé t.d i gegnum Evrópusamstarf.	Hásk.stofnanir og Rannís	1998
	4,4 Ferðamálaráði verði gert kleift að verja árlega nokkrum fjármunum til rannsókna, til samstarfsverkefna um rannsóknir og til að yta undir þátttöku fyrirtækja og rannsóknastofnana i hagnýtum rannsókn- og þróunarverkefnum á sviði ferðamála.			
		4,4,1 Ferðamálaráð fái til ráðstöfunar 5 milljónir árlega til að styrkja rannsóknir á sviði ferðapjónustu.	Samgöngu- ráðuneyti	1998 26